

Pátttakendur í starfa- og menntahlaðborði Flensborgarskólans 2018

AFS

AFS eru alþjóðleg fræðslusamtök sem starfa um allan heim að því að þjálfa ungmenni til að láta að sér kveða og hafa áhrif. Langar þig að gerast skiptinemi í framandi landi eða forvitnast um í hverju það felst? Kíktu við hjá AFS!

Bláa Lónið

Hefur þú áhuga á að kynnst störfum á einum vinsælasta ferðamannastað í heimi? Komdu þá við og fáðu upplýsingar hjá Bláa Lóninu.

CCP

CCP er íslenskt hátæknifyrirtæki sem framleiðir tölvuleiki. Hvaða menntun skyldu flestir starfsmenn hafa þar? Kíktu við hjá CCP og fáðu svar við spurningum þínum!

Farabara.is og SÍNE

Þráir þú að komast í nám erlendis? Farabara.is er ein flottasta upplýsingasíða landsins um allt sem tengist námi erlendis. SÍNE er samband Íslenskra námsmanna erlendis. Hér er gott að stoppa og spurjast fyrir um allt það er tengist námi á erlendri grundu!

Fulbright

Dreymir þig um nám í Bandaríkjunum? Fulbright stofnunin veitir námsstyrki til framhaldsnáms í Bandaríkjunum og veitir einnig ráðgjöf um nám í Bandaríkjunum. Kíku við og fáðu upplýsingar og þú gætir verið kominn til Bandaríkjanna áður en þú veist af!

Gamanferðir

Hefur þú áhuga á að kynna þér störf á ferðaskrifstofu? Hjá Gamanferðum eru settar saman tónlistarferðir, íþróttuferðir, sólarlandaferðir og allskonar ferðir! Kíktu við og fáðu upplýsingar um menntun starfsfólks og starfslýsingar.

Gámaþjónustan

Vilt þú starfa hjá fyrirtæki sem er leiðandi í alhliða umhverfisþjónustu? Kíktu þá við hjá Gámaþjónustunni og fáðu upplýsingar um störf og menntun starfsfólks.

Hafnarfjarðarbær

Finnst þér spennandi að vinna með fólki? Viltu starfa í líflegu umhverfi? Þá skaltu líta við hjá Hafnarfjarðarbæ en þar verður kynning á störfum í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum auk þess sem sumarstörfín verða kynnt.

Háskólinn á Akureyri

Langar þig að nota háskólaárin til þess að breyta til og flytja út á land og kynnast nýju fólki? Eða viltu kanna möguleika á háskólanámi í fjarnámi? Þá er Háskólinn á Akureyri málið. Fjölmíðlafræði, kennarafræði, lögreglufræði, sálfræði, sjávarútvegsfræði og iðjuþjálfunarfræði og samt er ekki allt námsframboðið upp talið! Kíktu við hjá HA og fáðu frekari upplýsingar.

Háskólinn á Bifröst

Dreymir þig um staðnám í háskóla sem er umkringdur fallegri náttúru eða viltu kannski frekar skoða fjarnám? Háskólanám á Bifröst býður upp á hvoru tveggja. Almennatengsl, viðskiptalögfræði, viðskiptafræði með áherslu á ferðaþjónustu, markaðssamskipti, þjónustufræði og margt, margt fleira! Skólinn leggur mikla áherslu á viðskiptagreinar og alþjóðasamskipti.

Háskóli Íslands

Fornleifafræði, kvikmyndafræði, geislafræði, næringarfræði, klassísk fræði, táknafræði og svo allt þetta "venjulega". Háskóli Íslands er stærsti háskóli landsins með fjölbreyttasta námsframboðið og flottu mötuneyti. Það getur bara ekki klikkað!

Háskólinn í Reykjavík

Lögfræði, iðnfræði, íþróttufræði, sálfræði, tæknifræði, glæsilegt húsnæði og auðvitað margt fleira! Vilt þú stunda nám við öflugan kennslu og rannsóknarháskóla, með áherslu á tækni, viðskipti og lög? Þá er HR staðurinn fyrir þig!

Hrafnista

Hefur þú góða færni í samskiptum? Viltu afla þér reynslu og þekkingar? Þá gæti Hrafnista verið vinnustaður fyrir þig. Líttu við hjá Hrafnistu og fáðu upplýsingar um almenn störf og sumarstörf.

Hússtjórnarskólinn í Reykjavík

Hússtjórnarskólinn býður upp á menntun í hússtjórnargreinum sem nýtast í daglegu lífi, matargerð, þrif og handavinna! Þetta getur þú lært allt á einni önn en býrð að því alla ævi!

Ísal

Álverið í Straumsvík, Ísal, er hluti af Rio Tinto sem er einn stærsti álframleiðandi heims. Í álverinu vinna tæplega 400 manns. Hér er gott að staldra við og spurjast fyrir um sumarstörf og framtíðarstörf! Vissir þú að Ísal rekur sinn eigin skóla?

Ísavía

Ísavía rekur alla flugvelli og flugleiðsöguþjónustu landsins og þar vantar fólk í sumarstörf. Hjá Ísavía vinnur fólk með margskonar bakgrunn tæknifræðingar, verkfræðingar, flugumferðastjórar, flugmenn og svo mætti lengi telja. Hér er upplagt að spyrjast fyrir um mismundandi störf og menntun því hver veit nema þetta sé þinn framtíðarvinnustaður!

Keilir

Einkaflugmaður, atvinnuflugmaður, flugvirki, leiðsögunám í ævintýraferðamennsku, einkaþjálfafræði, mekatrónik hátæknifræði og fleira til. Kíktu við hjá Keili, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs og fáðu frekari upplýsingar.

Kilroy

Kilroy er ferðaskrifstofa sem aðstoðar þig við að skipuleggja ferðalög um heiminn, ferðirnar eru sérsniðnar að ungu fólki, námsmönnum og öðrum ævintýragjöfnum einstaklingum. Bakpokaferðalag um eina heimsálfu eða jafnvel tvær eða viltu kannski fara í heimsreiðu? Kilroy er staðurinn til þess að fá upplýsingar um allt þessu tengdu!

Landbúnaðarháskólinn

Búfræði og blómaskreytingar, náttúru- og umhverfisfræði, hestafræði og skruðgarðyrkja eða jafnvel landlagsarkitektúr! Hjá LBHÍ færð þú upplýsingar um allt sem tengist þessu háskólanámi og fleiru til.

Landspítalinn

Landspítalinn er aðalsjúkrahús landsins og háskólasjúkrahús og þar starfa yfir 5000 manns auk þess sem hátt í 1800 nemendur í öllum heilbrigðisgreinum sækja árlega starfsnám á Landspítala? Hefur þú áhuga á því að starfa með fólki og í kringum fólk? Hefur þú áhuga á að læra eitthvað tengt heilbrigðisgreinum? Kíktu við og fáðu upplýsingar um hin fjölda mörgu störf sem unnin eru á Landspítalanum.

Listaháskólinn

Arkitektúr, fatahönnun, grafísk hönnun, vöruhönnun, leiklist, myndlist, hljóðfæraleikur, söngur, tónlistarmiðlun, tónsmíðar, söng- og hljóðfærakennsla. Listaháskóli Íslands er háskóli listgreinanna. Liggur þín leið þangað?

Mundo

Mundo er ferðaskrifstofa sem býður upp á skiptinám, spænskunám, sumarþúðir erlendis og ýmislegt fleira spennandi. Ef þig langar að fara út í sumar eða beint eftir framhaldsskólann þá skaltu kíkja við hjá Mundo!

Nolta

Ræktaðu ferilinn þinn! Sigurjón frá fyrirtækinu Nolta stjórnendaráðgjafafyrirtæki fer yfir hvernig þú getur ræktað og þróað starfsferilinn þinn! Frábært tækifæri til þess að setja sér markmið og láta drauma sína rætast.

Næsta skref

Naestaskref.is er ný glæsileg vefsíða þar sem þú getur skoðað um 100 námsleiðir og 250 starfslýsingar af störfum á íslenskum vinnumarkaði. Þar er einnig hægt að fá ráðgjöf varðandi nám og taka áhugakönnun. Það er mjög gott að byrja að kíkja við í smá ráðgjöf hjá naestaskref.is ef þú hefur ekki nokkra hugmynd um hvað þú vilt verða þegar þú verður stór.

Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins

Slökkvistarf, sjúkraflutningar, forvarnir og eldvarnareftirlit, björgun fólks úr sjó og vötnum, almannavarnir. Slökkviliðið gerir fleira en að slökkva elda! Hefur þú heyrt talað um Brunamálaskólann? Kíktu við hjá slökkviliðinu og fáðu frekari upplýsingar um menntun og störf slökkviliðsmanna og kvenna.

Soccer and Education USA

Dreymir þig um að komast á fótboltastyrk í Bandaríkjunum? Soccer and Education USA er fyrirtæki sem aðstoðar fótboltamenn og konur við að fá fótboltastyrk í háskólum í Bandaríkjunum.

Stúdíó Sýrland

Vilt þú læra að tala inn á teiknimynd? Eða fara í nám í hljóðtækni? Ef þér finnst þetta hljóma spennandi þá skaltu kíkja við sjá Stúdíó Sýrlandi en þar eru í boði talsetninganámskeið og hljóðupptökunámskeið ásamt ýmsu fleiru en Stúdíó Sýrland sérhæfir sig í hljóðvinnslu, myndlausnum, hönnun og framleiðslu.